



Asgeir Bjarnþórsson listmálari er átræður í dag, sunnudaginn 1. apríl 1979. Af því tilefni opnar hann málverka-sýningu á þessum degi og einnig af þessu sama tilefni fékk blaðamaður frá Tím-anum að spjalla við Asgeir fyrir skömmu.

„Þetta er vitleysa úr ykkur...“

Asgeir Bjarnþórsson er svo þjóðkunnur maður, að það væri allt að því móðgandi að fara að skrifa hér einhvern formála í því skyni að kynna hann fyrir lesendum. Þess vegna er nú best að sleppa öllum slíkum málalengingum og tefja ekki samtalið með þarflitlu masi.

Og þá er það fyrsta spurningin, Asgeir:

— Þú ert vist búinn að halda margar málverka-sýningar um dagana?

— Já, ég hef haldið nokkrar sýningar, bæði innan lands og utan en þó eru þær ekkert ákaflega margar. Flestar hafa þær verið í Bretlandi. Ég hélt sýningu í London árið 1947, en svo hélt sú sýning áfram og það var sýnt í tíu borgum á Bretlandi, fyrir utan London næstu tvö árin. Þessari sýningu minni var ákaflega vel tekið eins og sjá má af þessu.

Ég hafði áður sýnt í Kaupmannahöfn, þegar ég var strákur, eitthvað um þrjú, og fékk góðar viðtökur þar líka. Nokkru eftir að ég sýndi í Bretlandi

sýndi ég í Róm, og þar fékk ég bestu viðtökur, sem ég hef nokkurs stöð hlotið.

— Hvernig var að halda málverka-sýningu í útlöndum fyrir rösklega þrjátíu árum? Var eitthvað upp úr því að hafa?

— Nei, það var ekkert upp úr því að hafa í Bretlandi, því að Bretar máttu ekki kaupa neina list, þarna á fyrstu árunum eftir loksiðari heimstyrjaldarinnar.

— Sýningarnar hafa samt kostað listamanninn mikið í beinum fjárútlátum?

— Já, ekki vantaði það. Ég fékk leigðan einn besta sýningar sal Lundúnaborgar og það kostaði skildinginn að sýna þar, en eftir að sýningin fór að flakka þetta borg úr borg, þá var það mér að kostnaðarlausu.

Í Róm seldi ég ekki myndir vegna þess, að þær komu alltof seint þangað, miklu seinna en ákvarðað var. Fólk flyktist að, daginn sem átti að opna sýninguna, — en þá voru þar bara ekki neinar myndir! Ég hafði gert ráðstafanir til þess að fá myndirnar flugleiðis til Rómar, en það fór þá ekki betur en þetta.

**Rætt við
Ásgeir
Bjarn-
þórsson
listmálara**



„Hver listamaður málar eins og Guð og samviskan segir honum...“

Í Róm talaði ég við listfræðing, sem var alveg hissa á því, hve myndir mínar væru jafn-góðar, en ég hafði af ásettu ráði haft sýninguna eins blandaða og ég gat, — allar tegundir mynda. Hann hélt, að þessu marki væri aðeins hægt að ná með því að vinna sig áfram á einu ákveðnu sviði myndlistar. Ég svaraði honum og sagði: „Þetta er vitleysa úr ykkur, — tómur bjánaskapur. Því fleira sem menn fást við, þeim mun meira fer þeim fram, — í öllu sem þeir leggja stund á“.

Göfugmenn og snillingur

— Varst þú ekki kornungur, þegar þú byrjaðir að mála?

— Ég byrjaði að teikna þegar ég var barn. Ég var svo ungur, að ég var ekki einu sinni orðinn skrifandi. Niels heitinn Dungal gaf mér fyrstu litina sem ég eignaðist, því að hann var hjá foreldrum mínum á sumrin, þegar hann var barn. Foreldrar mínir héttu búskap, þegar ég var tíu ára gamall. Þá lá leið mín til Reykjavíkur, og þar komst ég fyrst í kynni við vatns-liti og málaði mikið með þeim. Þegar ég var 12-13 ára, fór ég að mála með olíulitum.

Fyrsti kennari minn var Sigríður Björnsdóttir, frænka mín, systir Sveins Björnssonar forseta. En venjulega urðu tímarnir hjá henni þannig, að ég fór að kenna hennar krökkum. — Næsta vetur lærði ég hjá Laufeyju Vilhjálmsdóttur. Þegar hinir krakkarnir kölluðu á mig og báðu mig að hjálpa sér, svaraði Laufey ævinlega: Nei, hann Asgeir þarf að fá tíma til að teikna, eins og þú.

Ég mun hafa verið sextán ára gamall, þegar ég hóf nám hjá Ríkardi Jónssyni, sem þá var nýkominn heim frá námi. Og, Drottinn minn dýri! Hvíllur kennari! Hvíllur snillingur og göfugmenni! Ég teiknaði og teiknaði, frá morgni til kvölds. Hann sagði oft við mig, að ég teiknaði of lengi í einu, ég yrði alltof þreyttur að keppast svo na við. En ég var ekki þreyttur. Það var ekki hægt að vera þreyttur í nærveru þessa yndislega manns.

Þegar ég var tvítugur, fór ég til Kaupmannahafnar. Aðal-kennari minn þar var Viggo Brant. Síðan fór ég til Þýskalands og stansaði talsvert lengi í Berlin, því að það var svo mikið af góðum söfnum þar, sem mig langaði til að skoða. Frá Berlin fór ég til Leipzig, þaðan til Dresden, og staðnæmðist að lokum í München. Í München gekk ég á myndhöggvaraskóla, — ekki af því að ég ætlaði að verða myndhöggvari, heldur til þess að læra líffærafræðina. — Þarna eignaðist ég ýmsa góða félagar, aðallega tvo Norðmenn og við fórum oft um helgar til borga í grenndinni, þar sem góð söfn voru.

Nokkru seinna fór ég til Parísar og þaðan til

...og það held ég að ég hafi gert...“

Suður-Frakklands, m.a. til Cagnes, sem er mikill listamannabær. Þar er ákaflega fallegt. Renoir „uppgötvadi“ þennan stað í sinni tíð og bjó þar lengi.

Ég varð ákaflega hrifinn af Renoir og mörgum öðrum málurum, að ógleymdum sjálfum kónginum, Rembrandt, en

ég held, að þess sjáist ekki mikil merki í verkum mínum. Hver einasti málari, eða listamaður á hvaða sviði sem er, verður að visu fyrir áhrifum frá öðrum, en hann fer ekki að stæla þá. Hann málar eins og Guð og samviskan segja honum, og það held ég að ég hafi gert, frá því ég var barn.



Asgeir Bjarnþórsson.

Tímamynd Tryggvi.